

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 346/1997.

Jón Gunnar Björgvinsson

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Grétari V. Pálssyni

(Jón Oddsson hrl.,

Björgvin Jónsson hdl.)

Tilboð. Skip. Skaðabætur. Veiðiheimildir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1997. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 5.819.125 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. júní 1996 til greiðsludags ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að dómurinn verði staðfestur að niðurstöðu til og hann sýknaður af kröfum áfrýjanda, en til þrautavara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar til mikilla muna. Í hverju tilviki krefst hann einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms kveðst stefndi einkum gera vegna þess, að lýsing áfrýjanda í héraðsstefnu á grundvelli málsins hafi verið óglögg og bótakrafa hans jafnframt vanreifufð. Telur stefndi þetta eiga að varða því, að málinu verði nú vísað frá dómi ex officio, en hann hefur ekki gagnáfrýjað vegna úrskurðar héraðsdómara 29. janúar 1997, þar sem kröfu hans í héraði um frávisun á þessum forsendum var hafnað. Á það verður ekki fallist, að þeir annmarkar séu á málinu, að frávisun þess eigi við.

II.

Aðilar máls þessa starfa báðir að sjósókn, og er það risið af viðskiptum þeirra um 11 brúttórúmlesta vélbát, Sæljóma, GK-150, sem

gerður hafði verið út frá Sandgerði og var í eigu samnefnds einkahlutafélags með heimili þar. Stefndi var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri þessa félags og jafnframt eigandi að meiri hluta hlutfjár, að því er ætla verður af gögnum málsins. Hafði hann um skeið haft bátinn á söluskrá hjá Bata- og kvótasölunni í Reykjavík, þegar áfrýjandi gerði honum tilboð um kaup á bátnum með aðstoð sölustofunnar í byrjun maímánaðar 1996. Var þar miðað við, að báturinn yrði keyptur með almennu veiðileyfi samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, en án sérstakra veiðiheimilda á grundvelli laganna, þ. e. aflahlutdeildar eða aflamarks. Voru ákvæði tilboðsins að þessu leyti í samræmi við þá kaupskilmála, sem stefndi hafði falið sölustofunni að kynna. Áfrýjandi hafði rætt við stefnda og skoðað bátinn, áður en tilboðið var gert. Hins vegar var honum ókunnugt, að báturinn væri eign annars en stefnda sjálfs, en veðbókarvottorð um bátinn hafði ekki legið fyrir á sölustofunni.

Tilboð þetta undirrituðu málsaðilar á heimili stefnda 9. maí 1996, þegar áfrýjandi kom þangað við annan mann með vélritað eintak eða eintök af því, sem sölustofan hafði útbúið. Af orðum tilboðsins verður ráðið, að það hafi átt að vera undanfari formlegs kaupsamnings, sem gerður yrði í samræmi við efni þess, þegar aðilar hefðu hugað nánar að frágangsatridum í sambandi við kaupin. Var þess getið í tilboðinu, hver þau atriði væru, og virðist grundvöllur kaupanna hafa legið ljós fyrir að öðru en því, að tími til afhendingar á bátnum og greiðslu kaupverðs var ekki tiltekinn. Hefur áfrýjandi skýrt það með því, að hann hafi þurft svigrúm til að afla lánsfjár til staðgreiðslu á kaupverðinu, en af hálfu seljanda hafi meðal annars þurft að létta lögveðsskuld af bátnum. Hafi þeir miðað við, að unnt yrði að ganga frá málinu innan 2–3 vikna. Aðilum ber ekki saman um, hvaða samskipti hafi fylgt í kjölfar tilboðsgerðarinnar, en 11. júní 1996 var áfrýjanda tilkynnt með símskeyti á vegum stefnda, að ekkert gæti orðið af kaupunum. Hefði eigandi bátsins, Sæljómi ehf., hafnað tilboði hans og bátnum verið ráðstafað annað.

Sannað verður að telja, að stefndi hafi samþykkt umrætt tilboð á fundi hans og áfrýjanda 9. maí 1996. Hafi stefndi undirritað tilboðið, eftir að áfrýjandi hafði hækkað hið boðna kaupverð í 2.500.000 krónur og fært þá fjárhæð inn á skjalið. Verður að líta svo á, að með þessu hafi stefndi orðið skuldbundinn um að ganga til sammings-

gerðar um fullnustu kaupanna á þeim grundvelli, sem lýst var í tilboðinu, enda byði áfrýjandi fram greiðslu á kaupverði bátsins á hæfilegum fresti. Þegar stefndi lét síðan tilkynna áfrýjanda, að kaupunum væri hafnað, var það ekki gert með vísan til þess, að tilboðið væri óljóst eða vanefnd orðin kaupanda megin, heldur hins, að réttur eigandi bátsins hefði ekki viljað ganga að þeim. Framganga stefnda var öll með þeim ummerkjum, að áfrýjandi mátti telja hann ábyrgan um það, er laut að efndum á samkomulagi þeirra, og er málinu því réttilega beint gegn honum. Áfrýjanda var ekki borið á brýn, að greiðsla kaupverðs hefði brugðist. Er ekki unnt að miða við, að hann hafi skort vilja eða getu til að standa við kaupin, en fyrir liggur, að hann keypti svipaðan bát í ágústmánuði sama ár. Verður þannig að huga að því, hvort bótaskyld tjón hafi hlotist af þessum viðskiptum.

III.

Í málinu gerir áfrýjandi kröfu um skaðabætur fyrir tjón af völdum þess, að hann varð af kaupum á fiskibátnum. Kröfunni er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er tjón áfrýjanda þar aðallega rakið til þess, að með kaupunum hefði hann fengið umráð yfir þeirri aflahlutdeild í þorski og ýsu, sem úthlutað var vegna bátsins sumarið 1996, frá og með komandi fiskveiðiári samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 105/1996 um breyting á lögum um stjórn fiskveiða. Var þetta sérstök viðbótaraflahlutdeild til handa skipum, sem haldið hafði verið til línuveiða á fiskveiðiarunum 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996, en báturinn var í hópi þeirra og hlutdeildin miðuð við línuafli hans. Umrædd lög voru samþykkt á Alþingi 5. júní 1996 og staðfest 19. sama mánaðar. Með 6. gr. þeirra var afnumin regla 6. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990 um svonefnda línutvöföldun, en samkvæmt henni skyldi fiskur, sem veiddist á línu í mánuðunum nóvember-febrúar, aðeins að hálfu talinn til aflamarks, þangað til sameiginlegur affli í þorski og ýsu á þetta veiðarfæri hefði náð 34.000 tonnum miðað við óslægðan fisk. Átti fyrrgreind viðbótaraflahlutdeild að koma til mótvægis við þau veiðiréttindi, sem fólust í þessari reglu.

Reglan um línutvöföldun gildi aðeins fyrir skip, er nutu aflamarks í þorski eða ýsu, á grundvelli eigin aflahlutdeildar eða kaupa á aflamarki frá öðrum skipum með aflahlutdeild. Hagnýting reglunnar

var þannig þáttur í takmörkuðum veiðum, en ekki frjálsum, og verður að meta hana eftir því. Tilboð áfrýjanda í Sæljóma, GK-150, var við það miðað, að báturinn yrði keyptur með veiðileyfi, en án aflahlutdeildar eða aflamarks. Átti áfrýjandi þannig ekki að öðlast réttindi til línutvöföldunar, sem rakin yrðu til heimilda fyrri eiganda, heldur varð hann sjálfur að koma upp aflamarki fyrir bátinn, ef hann átti það ekki fyrir. Á sama hátt verður að telja, að hann hafi ekki getað vænst þess að njóta góðs af aflahlutdeild, sem síðar yrði úthlutað, í stað réttinda vegna reynslu af línuveiðum í höndum fyrri umráðamanna bátsins, án þess að sérstaklega væri um það samið. Ákvæði tilboðsins verða ekki skýrð svo, að það hafi verið gert, og aðilar eru sammála um, að veiðireynsla hafi ekki komið til sérstakrar umræðu í viðskiptum þeirra.

Samkvæmt þessu hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að viðskipti hans við stefnda hafi átt að leiða til þess, að hann fengi umráð yfir fyrrgreindri viðbótaraflahlutdeild. Hann hefur ekki heldur sýnt fram á, að hann hafi vegna viðskiptanna orðið af kaupum á öðru skipi, er fært hefðu honum sambærileg réttindi án endurgjalds umfram það, sem hann hugðist greiða stefnda. Á stefndi að vera sýkn af bótakröfu hans þegar af þessum ástæðum, og verður hinn áfrýjandi dómur staðfestur að niðurstöðu til.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem á er kveðið í dómorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Gunnar Björgvinsson, greiði stefnda, Grétari V. Pálssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. maí 1997.

Ár 1997, mánudag 26. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1114/1996: Jón Gunnar Björgvinsson gegn Grétari V. Pálssyni, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi, en aðalmeðferð fór fram 3. mars sl.

Stefnandi er Jón Gunnar Björgvinsson, Keilufelli 6, Reykjavík, kt. 230674-5589, en stefndi Grétar V. Pálsson, Stafnesvegi 1, Sandgerði, kt. 181036-2229.

Umboðsmaður stefnanda er Jóhann Halldórsson hdl., en umboðsmaður stefnda Jón Oddsson hrl.

I.

Dómkröfur.

1. Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur 5.819.125 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 9. júní 1996 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s. l., er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 9. júní 1997. Loks er krafist málskostnaðar samkv. fram lögðum málskostnaðarreikningi ásamt álagi, er nemi virðisaukaskatti af honum.

2. Af hálfu stefnda voru gerðar eftirgreindar kröfur:

1. Aðalkrafa var, að málinu yrði vísað frá dómi.

2. Varakrafa er, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda.

3. Prautavarakrafa er, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti.

Loks er í öllum tilvikum gerð krafa um, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati réttarins og með vísan í fram lagðan málskostnaðarreikning. Þá leggist 24,5% virðisaukaskattur á málskostnaðarfjárhæð, sbr. lög nr. 25/1987, og beri hún dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Aðalkrafa stefnda var tekin til úrskurðar 17. janúar sl., og með úrskurði, upp kveðnum 29. janúar sl., var henni hrundið. Verður varakrafa hans því hér á eftir nefnd aðalkrafa hans um efnismeðferð málsins og þrautavarakrafa varakrafa.

II.

Málavextir stefnanda.

Stefnandi gerði kaupsamning við stefnda 9. 5. 1996 um kaup á bátnum Sæljóma, GK-150, með skipaskrárn. 1294. Stefnandi hefur neitað að efna þann samning aðila og þar með bakað stefnanda tjón, er nemur hinni umkröfðu fjárhæð.

Aðdragandi samningsgerðarinnar var sá, að stefnandi, sem var að leita að hentugum fiskibát til eigin nota, kom á Bata- og kvótasöluna, Borgartúni 29, Reykjavík, og bar fram fyrirspurn um báta á söluskrá. Samkvæmt upplýsingum bátasölnunnar var þar til sölu báturinn Sæljómi, GK-150, sem er 12 brt., dekkjaður trébátur með 130 hestafla Ford-vél, smíðaður í Bátalóni 1973, samtals 46,9 rúmmetrar. Samkvæmt lýsingu bátsins á söluyfirliti Bata-

og kvótasölunnar fylgdi bátnum veiðiheimild skv. leyfisbréfi frá Fiskistofu, en enginn kvóti á yfirstandandi kvótaári. Fékk stefnandi jafnframt afhent söluyfirlit af bátnum, þar sem fram kom, að stefndi væri eigandi bátsins.

Ásett kaupverð bátsins var 4.000.000 kr., en eftir skoðun bátsins gerði stefnandi formlegt kautilboð í hann 2. 5. 1996, að fjárhæð 2.200.000 kr. Stefndi, sem kom fram sem eigandi bátsins, hafnaði því tilboði, en óskaði jafnframt eftir nýju tilboði. Gerði stefnandi því nýtt kautilboð 9. 5. 1996, að fjárhæð 2.500.000 kr. Var það gert með því að árita eldra tilboð um breytingu. Var tilboð stefnanda miðað við staðgreiðslu alls kaupverðsins. Skemmst er frá því að segja, að stefndi samþykkti kautilboð stefnanda sama dag og áritaði kautilboðið um samþykki sitt sem seljandi. Komst þar með á samningur með aðilum um kaup bátsins samkvæmt efni kautilboðs stefnanda. Jafnframt varð að munnlegu samkomulagi með aðilum, að gengið skyldi endanlega frá skjalagerð og útgáfu afsals innan þriggja daga, og var það í samráði við starfsmenn Bata- og kvótasölunnar.

Pegar til þess kom að ganga frá skjalagerð og útgáfu afsals vegna kaupanna og jafnframt að greiða kaupverð, kom í ljós, að stefndi var tregur til þess að framfylgja umræddum kaupsamningi. Skoraði stefnandi oftlega á stefnda að koma á skrifstofu Bata- og kvótasölunnar án árangurs. Slíkum áskorunum var einnig komið á framfæri við stefnda af hálfu starfsmanna Bata- og kvótasölunnar.

Hið næsta, sem gerist í málinu, er, að stefnandi fær sent skeyti frá Jóni Oddssyni hrl., dags. 11. 6. 1996, þar sem fram kemur, að eigandi bátsins Sæljóma, GK-150, Sæljómi hf., hafi hafnað kautilboði stefnanda. Stefndi, sem taldi fullgildan kaupsamning hafa komist á milli sín og eiganda bátsins, krafðist þess þá bréflega með bréfi lögmanns síns, dags. 14. 6. 1996, að stefndi stæði við gerðan kaupsamning frá 9. 5. 1996. Barst stefnanda svar með símbréfi, dags. 19. 6. 1996, frá Jóni Oddssyni hrl. sama efnis og fyrrnefnt skeyti.

Samkvæmt fram lögðu þinglýsingarvottorði af viðkomandi bát mun þinglesinn eigandi hans vera hlutafélagið Sæljómi. Er stefndi stjórnarformaður þess fyrirtækis, en hefur allt að einu haldið því fram, að hann hafi ekki haft heimild til að skuldbinda félagið með undirritun sinni á kaupsamning. Fram kemur í samþykktum félagsins, að tvo stjórnarmenn þurfi til að rita firmað. Með bréfi lögmanns stefnanda var skorað á stefnda að bæta úr þeim annmörkum, sem voru á eignarréttarlegu framsali stefnda á umræddum bát, án árangurs.

Umræddur bátur, Sæljómi, GK-150, fékk úthlutað þorsk- og ýsukvóta í samræmi við gilda veiðiheimild með bráðabirgðaákvæði í l. nr. 105/1996 frá

19. 6. 1996, sbr. I. nr. 38/1990. Var umrætt bráðabirgðaákvæði samþykkt 5. 6. 1996 á Alþingi. Með lögum þessum var bátnum úthlutað 8.570 kg viðbót-araflahlutdeild í varanlegum þorskkvóta og 4.781 kg viðbótaraflahlutdeild í varanlegum ýsukvóta.

Að mati stefnanda ber háttsemi stefnda það með sér, að hlutafélagið sé að reyna að koma sér undan umræddum kaupsamningi í ljósi breyttra aðstæðna eftir gerð kaupsamnings.

III.

Málavextir stefnda.

Stefndi kvað ekki hafa verið gerðan kaupsamning um bátinn Sæljóma, GK-150, né hafi staðið til af eiganda bátsins að selja stefnanda bátinn. Kauptilboðið, merkt dskj. nr. 3, sé hvorki kaupsamningur né bindandi kauptilboð um sölu bátsins. Í maí 1996 hafi stefnandi haft samband við stefnda, Grétar, og tjáð honum, að hann hefði ekki handbært fé til að leggja út í kaup á bátnum. Stefndi hafi í maí 1996 haft símsamband við forsvarsmenn Bata- og kvótasölnunnar hf. og tjáð þeim, að Sæljómi hf. samþykkti ekki stefnanda sem kaupanda, enda væri svonefnt kauptilboð ekki bindandi. Stefndi hefði aldrei gert kauptilboð til Sæljóma hf. Kauptilboðið væri ódagsett og án tilgreiningar á nafni seljanda og kaupanda. Það hefði verið án tilgreinds kaupverðs, er stefndi hefði ritað nafn sitt á það fyrir viðtöku á því. Stefndi hefði komið óvænt heim til stefnda með þetta skjal og stefndi þá tekið fram, að hann myndi kynna stjórn Sæljóma hf. skjalið, en hann væri ekki seljandi bátsins. Engir vottar hefðu verið viðstaddir undirritun stefnda, sem hefði ekki getað séð, að um fullgilt tilboð væri að ræða, enda væri það í ósamræmi við verðhugmyndir stjórnar Sæljóma hf. Það hefði verið í einu eintaki, sem stefnandi hefði sagst þurfa að halda, þar eð hann hygðist leita fyrir sér á lánamarkaði, þar sem hann ætti ekki handbært fé til greiðslu kaupverðs. Kaupverðið hefði verið strikað út af skjalinu af stefnda, þar sem verðhugmyndir aðila um bátinn hefðu verið ólkar, en svo hefði stefndi ritað á skjalið verðhugmyndir sínar, sem stefndi kveður ekki fela í sér neinar skuldbindingar. Þá sé það rangt, að enginn kvóti hafi verið á bátnum á yfirstandandi „kvótaári“. Hið rétta sé, svo sem tilgreint er í kauptilboði og söluyfirliti bátasölnunnar, að enginn kvóti fylgi bátnum, og þannig hafi hann verið boðinn til sölu og ekki annað komið til umræðu milli málsaðila né við skipasölnuna. Stefndi hafi ekki haft uppi tilkall til aflahlutdeildar bátsins vegna þeirrar aflareynslu, sem útgerðin hafi áunnið bátnum. Skilmálarnir um, að kvóti fylgi ekki bátnum, nái og til þess, að aflareynsla og úthlutun fiskveiðiheimilda hafi verið undanskilin í sölu og því verði, sem báturinn hafi verið boðinn til sölu á.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefndi hafi bakað sér skaðabóta-ábyrgð gagnvart stefnanda bæði á grundvelli almennra bótareglna innan samninga og samkvæmt 59. gr. 1. nr. 39/1922.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að lög um lausafjárkaup taki til þess tilviks, sem hér um ræði. Samkvæmt 59. gr. 1. nr. 39/1922 geti kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, ef fram kemur, að söluhlutur var annars manns eign, þá er kaupin gerðust. Að mati stefnanda sé um skýra vanheimild stefnda að ræða í þessu máli. Voru stefnandi og starfsmenn Bata- og kvótasölonnar algerlega grandlausir um betri rétt þriðja manns í þessum kaupum, enda máttu þeir vænta þess, að stefndi, sem kom fram sem seljandi umrædds báts, hefði fullnægjandi eignarheimild yfir þeim verðmætum, sem hann ráðstafaði með kaupsamningi aðila. Meginregla 59. gr. 1. nr. 39/1922 beri með sér hlutlæga bótaskyldu seljanda, þegar um vanheimild er að ræða. Af ofansögðu sé því ljóst, að stefndi ber hlutlæga bótaskyldu gagnvart stefnanda á grundvelli 59. gr. 1. nr. 39/1922. Umræddur bátur var aldrei afhentur stefnanda, og við mat á bótakröfu verður því að líta til þess, hver ávinningur stefnanda hefði orðið við kaup á bátnum. Krefst stefnandi efnabóta á ofangreindum grundvelli skaðabóta, sem myndu gera hann eins settan og ef kaupin hefðu farið fram samkvæmt efni kaupsamnings aðila.

Stefnandi telur og, að stefndi beri fulla fébótaábyrgð gagnvart sér á grundvelli almennra bótareglna innan samninga. Ljóst sé, að stefndi var grandsamur um vanheimild sína, þar sem hann hafi verið stjórnarmaður í því fyrirtæki, sem raunverulega átti bátinn. Var því um saknæma háttsemi að ræða, þegar hann seldi stefnanda Sæljóma, GK-150, vitandi það, að báturinn var eign annars aðila. Hefur stefndi bakað stefnanda fjártjón með þessari saknæmu háttsemi sinni.

Stefnandi meti tjón sitt á eftirfarandi hátt:

Andvirði viðbaflahl. í þorski, 8.570 kg, markaðsv. 9. 5. '96	kr. 5.142.000
Andvirði viðbaflahl. í ýsu, 4.781 kg, markaðsv. 9. 5. '96	– 597.625
Úreldingarandv. Sæljóma, GK-150, miðað við 46,9 rúmmetra	kr. 2.579.500
	Samtals kr. 8.319.125
Kaupverð Sæljóma, GK-150, skv. dskj. nr. 3 til frádr.	kr. 2.500.000
	<u>Heildarsamtala kröfu</u> kr. 5.819.125

Við útreikning kröfugerðar stefnanda hafi verið stuðst við upplýsingar

frá starfsmönnum Báta- og kvótasölnunnar um meðalverð á varanlegum aflaheimildum þorsks og ýsu á þeim tíma, sem kaupsamningur var gerður, þ. e. í maí 1996. Samkvæmt könnun fyrirtækisins hafi meðalverð á aflaheimildum þorsks verið 600 kr., en 125 kr. á ýsu. Verðið hafi farið hækkandi, frá því að kaupsamningur var undirritaður, og sé í dag 700 kr. fyrir þorsk, en 150 kr. fyrir ýsu. Við mat úreldingarandvirðis bátsins var stuðt við upplýsingar frá sömu aðilum, og mun meðalverð á úreldingarrúmmetra hafa verið 55.000 kr. í maí 1996.

Lagarök.

Miðað sé við meginreglur kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, l. nr. 7/1936, l. nr. 39/1922, l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og þá sérstaklega bráðabirgðaákvæðum í l. nr. 105/1996 og loks almennum reglum um skaðabætur innan samninga. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjist við reglur III. kafla laga nr. 25/1987, en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991.

V.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa sé einkanlega reist á aðildarskortu, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991, bæði að því er varðar efnisatriði málsins sem og réttarfarsleg, með vísan til þess, er getið hafi verið áður um, er frávisunarkröfu varðar. Hvorugum varnaraðila virðist stefnt inn í málið sem aðila sakarefnis, og gildi það bæði um form og efni málatilbúnaðar stefnanda.

Kröfur stefnanda virðist reistar á kaupsamningi, dags. 9. maí 1996, en sá kaupsamningur hafi ekki verið lagður fram í málinu. Af málatilbúnaði stefnanda sé óljóst, við hvern hann gerði umræddan kaupsamning, þar sem hann tilgreini eingöngu, að hann hafi gert kaupsamning við stefnda, sem þó sé óljóst.

Eigandi bátsins Sæljóma, GK-150, sé Sæljómi hf., en stefnandi hafi aldrei beint tilmælum til hans um að efna kaupsamning. Hafi stefnandi hins vegar beint tilmælum til stefnda, Grétars V. Pálssonar, um að efna kaupsamning um sölu á bátnum, sé þar vonlaust um efnir, þar sem Grétar hafi aldrei verið eigandi bátsins né gert kaupsamning um sölu hans. Svonefnt kauptilboð á dskj. nr. 3 sé hvorki kaupsamningur né bindandi kauptilboð um sölu umrædds fiskibáts.

Af hálfu stefnda er því eindregið mótmælt, að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagstjóni né hafi hugsanlegt fjárhagstjón stefnanda verið fyrirsjáanlegt, er kauptilboð var gert, eða verði sá gerningur talinn vávænn um það tjón, er stefnandi tilgreini í málatilbúnaði sínum.

Stefnufjárhæð í stefnu sé óröktuð og ekki studd öðru en staðhæfing-

um stefnanda. Sé stefnufjárhæð mótmælt sem rangri bæði tölulega og efnislega. Þá sé dráttarvaxtakröfum stefnanda sérstaklega mótmælt og þar meðal annars upphafsdegi dráttarvaxtakröfu, enda hugsanlegt fjártjón stefnanda eigi komið fram 9. júní 1996 né neitt fram komið þá af hans hálfu um efnidir svonefnds kaupsamnings né aflaheimildum verið úthlutað.

Stefnandi hafi aldrei gert tilraunir né sýnt vilja til að greiða tilgreint kaupverð í málatilbúnaði stefnanda og stóð því aldrei við skyldur sínar sem kaupandi.

Stefnandi geti um það í stefnu, að hann hafi fengið söluyfirlit af bátnum á tilgreindri skipasölu, þar sem fram hafi komið, að stefndi væri eigandi bátsins. Nú eins og fyrr sé óljóst, við hvern er átt í málatilbúnaði stefnanda með orðinu stefndi. Samkvæmt skjalaskrá, sbr. dskj. nr. 10, tilgreinir stefnandi sem dskj. nr. 8 söluyfirlit vegna Sæljóma, GK-150, frá Bata- og kvótasölunni, en þar komi hvergi fram nafn eiganda bátsins. Skv. lögum um skipa- og fasteignasala eigi að liggja frammi m. a. veðbókarvottorð og upplýsingar um eigendur skipa og fasteigna, sem séu til sölu. Megi því gera ráð fyrir, að stefnandi hafi fengið réttar upplýsingar um, að Sæljómi hf. væri eigandi bátsins, sbr. dskj. nr. 6, enda segist varnaraðili, Grétar V. Pálsson, muna, að stefnandi hafi rætt þetta við sig, er skjal nr. 3 var undirritað. Þar er Grétar V. Pálsson ekki tilgreindur sem eigandi bátsins né seljandi.

Áritun Grétars á skjalið hafi verið vegna fullyrðingar stefnanda um, að það væri eingöngu kvittun fyrir móttöku þess, enda hefði allt verð verið strikað út. Ræddi Grétar V. Pálsson um það við stefnanda, að eins og öllum viðkomandi væri ljóst, þ. m. t. Bata- og kvótasölunni, væri hann hvorki seljandi né eigandi bátsins og hefði því ekki umboð eða heimild til að undirrita skjal um sölu hans nema með samþykki stjórnar Sæljóma hf., sbr. dskj. nr. 2. Var stefnanda því fullljóst, að dskj. nr. 3 var ekki bindandi kauptilboð, enda hafi skjalið verið undirritað af Grétari, eftir að tölur um kaupverð höfðu verið strikaðar út.

Því sé mótmælt, að stefnandi hafi margítrekað við Grétar V. Pálsson, að ganga hafi átt frá kaupum á bátnum í maí. Hið eina, sem Grétar hafi frétt frá stefnanda, hefði verið það, að hann hefði ekki fjármuni til kaupanna, og hefði þá aldrei verið rætt um, að komið væri á fyrirframgreiðslu, og hann ekki gert kröfur um afhendingu bátsins, enda ekkert fram komið í málinu, að hann hygðist gera bátinn út á fiskveiðar. Vísað sé hér til dskj. nr. 4 og nr. 7. Staðhæfingum stefnanda um úthlutun á þorsk- og ýskuvóta með vísan til dskj. nr 9 sé mótmælt sem röngum og óstaðfestum. Dómskjal nr. 9 beri það ekki með sér, hvaðan það er komið né að efnisinnihald þess sé rétt.

Fráleit sé sú ályktun stefnanda, að Sæljómi hf. sé að reyna að koma sér

undan kaupsamningi í ljósi breyttra aðstæðna eftir gerð kaupsamnings, þar sem enginn kaupsamningur hafi verið gerður við Sæljóma hf., engri áskorun hafi verið beitt af stefnanda þar að lútandi til Sæljóma hf. né gerðar kröfur í máli þessu á hendur Sæljóma hf., þótt Sæljóma hf. sé stefnt.

Stefnandi vísi um kröfur sínar til „stefnda“, sem óljóst sé reyndar, hver er, í málatilbúnaði stefnanda, á grundvelli almennra bótareglna innan samninga og skv. 59. gr. laga nr. 39/1922 um vanheimild. Grundvöllur bóta-krafna sé síðan efnabætur.

Með vísan til framangreinds hafi stefnanda og hinni löggiltu fasteignasölu mátt vera ljóst, að varnaraðilinn, Grétar V. Pálsson, var ekki eigandi bátsins. Stefnandi segist hafa fengið upplýsingar hjá bátasölu um rétt nafn eiganda, sem þar hafi legið fyrir lögum samkvæmt. Hafi stefnandi ekki fengið réttar upplýsingar hjá hinni löggiltu skipasölu, sé ekki við varnaraðila að sakast. Hér sé ekki um það að ræða, að unnt sé að vísa á vanheimild, enda kom Grétar fram sem eigandi bátsins. Bæði stefnanda og skipasölu mátti vera ljóst, að Grétar hafði ekki umboð Sæljóma hf. til að selja bátinn, enda var enginn kaupsamningur gerður. Hér komi því ekki til bótareglur innan samninga, og kröfum á grundvelli efnabóta sé mótmælt. Stefnandi hafði ekki öðlast rétt sem kaupréttarhafi og ekki sýnt vilja til að standa við greiðsluskuldbindingar þær, er hann kveðst hafa undirgengist 9. maí 1996. Hugmyndum stefnanda um kaup á bátnum var formlega hafnað 11. júní 1996, sbr. dskj. nr. 4, en stefnandi hafi aldrei beint tilmælum til Sæljóma hf. um að selja bátinn.

Mótmælt sé mati stefnanda á tjóni sínu tölulega sem röngu, óstaðfestu og vanreifðu. Á þetta bæði við tilgreinda aflahlutdeild og útreikninga og mat á henni í fjármunum. Umræddar fjárhæðir séu bersýnilega ósanngjarnar og of háar. Hið sama eigi við um úreldingarverðmæti Sæljóma, GK-150, en komi til úreldingar, er verð innan við 20% af tryggingarmati. Stefnandi vísi til einhverra útreikninga viðkomandi skipasölu, sem ekki liggja fyrir í málinu, og er þeim mótmælt sem vanreifðum, röngum, óstaðfestum og vilhölum. Þá liggja ekkert fyrir um það í málinu, að umræddar aflaheimildir hefðu skilað sér, eins og stefnandi heldur fram, né umrædd úrelding. Grundvöllur kröfugerðar stefnanda sé því ekki lagður fram í málinu með lagastoð. Þá sé og athyglisvert, að stefnandi krefjist dráttarvaxta frá 9. júní 1996, en telji tjón sitt af missi ætlaðs ávinnings ekki koma fram fyrr en löngu síðar. Athyglisvert sé og, að í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 14. júní 1996, sbr. dskj. nr. 5, sé gerð krafa um efndir á kaupsamningi aðila til lögmanns Sæljóma hf., án þess að Sæljómi hf. sé aðili þeirra viðskipta. Þá sé og gerð sú krafa í bréfinu, að skilmálum í svonefndum kaupsamningi verði breytt þannig, að

greiðsla kaupverðs verði færð frá undirritun kaupsamnings til gerðar afsals. Í sama bréfi sé síðan skorað á Grétar Pálsson að standa við ákvæði kaupsamnings um sölu á báti þriðja aðila.

Ljóst sé, eins og fram komi í stefnu, að um breyttar aðstæður er að ræða við kaup og sölu báta frá því í maí fram í júní 1996. Sæljómi hf. hugðist í apríl 1996 selja umræddan bát á 4.000.000 kr. í skiptum, sbr. dskj. nr. 8. Forsendur fyrir þeirri verðhugmynd hafi breyst í byrjun júní, þegar boðuð var umrædd úthlutun á veiðiheimildum. Hækkaði þá jafnframt verð á öðrum bátum. Sala á bátnum hafi algerlega verið án kvóta eða veiðiheimilda. Ljóst sé af kröfugerð stefnanda, að hann telji umræddan bát miklum mun verðmætari en hann var skv. hugmyndum stefnanda um verð bátsins, eins og um getur í málatilbúnaði hans. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi staðið við greiðsluskuldbindingar sínar um kaupverð né hafi verið samið um afhendingartíma á bátnum né gerð krafa um afhendingu hans. Hér sé vísað í 18. gr. laga nr. 39/1922, þar sem báturinn sé boðinn til sölu á 4.000.000 kr. án kvóta eða veiðiheimilda. Hér sé vísað til reglna um brostnar forsendur, þar sem í gögnum málsins greini, að báturinn sé boðinn til sölu án kvóta. Stefnanda mátti vera ljóst, að forsendur voru brostnar fyrir sölu bátsins á 4.000.000 kr., er úthlutað var kvóta stuttu síðar. Þar með hefðu og brostið allar forsendur fyrir þeim kaupsamningi, er stefnandi kveðst reisa rétt sinn á. Það verð, sem stefnandi telji hafa verið samið um 9. maí 1996, sé bersýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna, og sjáist það best á kröfugerð stefnanda. Hér er m. a. vísað til 36. gr. laga nr. 7/1936 um ógildi slíks samnings. Hefði komið til samningur um sölu bátsins, hefði eigandi hans getað krafist mun herra söliverðs með hliðsjón af ofangreindu. Stefnandi viðurkenni með kröfugerð sinni, að aflahlutdeild Sæljóma, GK-150, í þorski og ýsu fyrir árið 1996 sé rúmlega tvöfalt kaupverð bátsins. Það sé því ósanngjarnnt af stefnanda málsins að bera fyrir sig samning þann, er hann kynnir í málatilbúnaði sínum, í ljósi breyttra aðstæðna, enda sé slíkur samningur ógildur skv. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Þá er mótmælt heimild til skuldajöfnunar þeirrar, er stefnandi krefst, þar sem hann gerir kröfu um skuldajöfnun á beinni kaupsamningsgreiðslu og óvissum skaðabótakröfum.

Stefndi telji sig hafa sýnt fram á, að kröfur stefnanda skorti alla lagastoð, og einnig, að verði þær að að einhverju leyti teknar til greina, hafi verið gerð grein fyrir því, að þær séu allt of háar og ranglega fram settar.

Þó að dómkröfum sé beint að Grétari eingöngu, enda þótt þriðja aðila sé eingöngu stefnt inn í málið, en Grétari ekki, þá styður Grétar málatilbúnað sinn því, að hann geti komið að öllum sömu efnisvörnum og ef kröfugerð

beindist að Sæljóma hf., m. a. brostnum forsendum fyrir sölu og rétti til leiðréttingar og hækkunar á kaupverði með hliðsjón af breyttum forsendum. Fyrir liggir, að stefnanda var ljóst eða mátti vera ljóst, að hugsanleg sala á bátnum náði einvörðungu til bátsins sem slíks án allra aflaheimilda eða kvóta. Geti stefnandi því ekki byggt rétt sinn á verði, er hann vill nú bjóða, þ. e. 2.500.000 kr., eða ásettu verði, er báturinn var skráður til sölu sl. vetur, 4.000.000 kr. Þá hafi stefnandi ekki öðlast neinn kauprétt að bátnum né að fá hann afhentan.

Um málsástæður hér og réttarheimildir er vísað m. a. til dóms Hæstaréttar Íslands frá 18. janúar 1996 í málinu nr. 401/1994: Örn Erlingsson og Þorsteinn Erlingsson gegn Ragnari Ragnarssyni, þar sem staðfestur er dómur Héraðsdóms Reykjaness. Þá sé og vísað til dómasafns Hæstaréttar Íslands 1995, til mála nr. 341/1992 og nr. 342/1992, sbr. bls. 1161–1175 og bls. 1175–1190. Sömu sjónarmið, málsástæður og lagarök komi fram í fyrrgreindum dómum og í málalíbúnaði varnaraðila, enda styðja varnaraðilar málalíbúnað sinn og rökstuðning með beinni vísan í fyrrgreinda dóma. Þá sé og vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í dómasafni 1992, bls. 1858.

Varnaraðilar mótmæli öllum gögnum frá Báta- og kvótasölu sem röngum, vilhölum og óstaðfestum og telja, að forsvarsmenn þar hafi ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum gagnvart varnaraðilum.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á með neinum raunhæfum hætti, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Komi til þess, að ekki verði fallist á ofangreindar málsástæður varnaraðila, sé vísað til reglna um vangildisbætur við ákvörðun á umfangi hugsanlegs tjóns stefnanda. Stefnandi hafi hins vegar ekki reist kröfur sínar á reglum um vangildisbætur, enda ekki orðið fyrir neinum kostnaði eða fjárhagslegu tjóni.

Réttarheimildir.

Vísað sé til reglna á sviði fjármunaréttar, kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar. Vísað sé til ákvæða laga nr. 39/1922 og laga nr. 7/1936, einkum 36. gr. laganna. Þá sé vísað til reglna um brostnar forsendur og reglna um skuldajöfnuð í kröfurétti. Þá sé og vísað til 16. gr. laga nr. 19/1991 og réttarfarsákvæða um aðild í málalíbúnaði laga nr. 91/1991. Þá sé enn fremur vísað til laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, sbr. og lög nr. 105/1996. Miðað sé og við fordæmi áður tilvitnaðra dóma Hæstaréttar Íslands. Skírskotað sé til ákvæða laga um hlutafélög, sbr. lög nr. 2/1995, og laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, sem gengu í gildi 1. janúar 1995. Loks sé vísað til reglna á sviði skaðabóta innan samninga, s. s. um vangildis- og efndabætur.

Kröfur um málskostnað séu reistar á ákvæðum 21. kafla laga nr. 91/1991

og um dráttarvexti af málskostnaði á ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Að því er varðar dómkröfur um virðisaukaskatt á málskostnaðarfjárhæð, sé vísað til 3. gr. og 11. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 50/1988, sbr. lög nr. 119/1989.

VI.

Sönnunarfærsla.

Auk þeirra gagna, sem getið er í skjalaskrá stefnanda og greinargerð stefnda, hafa verið lögð fram í málinu virðingar- og skoðunarvottorð Sæljóma, GK-150, frá Samábyrgð Íslands, vottorð vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu um tryggingarskilmála bátsins, stöðubréf Fiskistofu um aflamarkstöðu bátsins á fiskiárinu 1. sept. 1996 til 31. ágúst 1997 ásamt yfirliti um hlutdeild og verðmat Bata- og kvótasölnunnar um verð á kvóta í varanlegri sölu 1. september 1996 og 16. janúar 1997.

Í málinu gáfu stefnandi, Jón Gunnar Björgvinsson, og stefndi, Grétar Vídalín Pálsson, aðilaskýrslu, en vitni báru Páll Sigurðsson sölumaður, Blesugróf 28, Reykjavík, kt. 221165-4389, Björn Jónsson, forstöðumaður kvótasölu LÍU, Barðaströnd 11, Seltjarnarnesi, kt. 290641-4119, Hjálmar Styrkársson framkvæmdastjóri, Safamýri 79, Reykjavík, Heimir Bergmann Vilhjálmsson sölumaður, Hörgatúni 19, Garðabæ, kt. 150657-2459, og Jón Pálmi Pálmarsson vélstjóri, Gerðhömrum 17, Reykjavík, kt. 080358-3429.

Fram kom hjá stefnanda, að er kauptilboð var undirritað, vissi hann ekki af fyrirhugaðri kvótaaukningu sem úthlutað yrði á bátinn Sæljóma, GK-150, vegna þess að línutvöföldun yrði hætt. Hann hefði ekki séð veðbókarvottorð fyrir bátinn hjá Bata- og kvótasölnunni, en fengið frá henni útprentun með upplýsingum um bátinn. Hann kvað stefnda hafa komið fram sem eiganda bátsins, er hann hafði samband við bátasölnuna, og starfsmenn bátasölnunnar bent á hann sem eiganda hans. Hann hefði svo haft samband við stefnda í síma og því næst skoðað bátinn. Hann kvaðst fyrst hafa gert stefnda tilboð í bátinn 2. maí 1996, og hefði því verið komið á framfæri við hann í síma. Stefndi hefði ekki viljað fallast á það tilboð, sem hljóðað hefði upp á 2.200.000 kr., er hann hafði samband við hann síðar, og hefði stefnandi þá hækkað tilboðið í 2.500.000 kr. Hefðu þeir orðið ásáttir um þetta í símvíðtali 9. maí 1996 og stefnandi því næst viljað ganga frá skriflegu tilboði um þetta og boðist til að koma heim til stefnda með tilboðið til undirskriftar og hann samþykkt það. Hann hefði farið með tilboðið, sem útbúið hefði verið 2. maí 1996 hjá bátasölnunni miðað við kaupverðið 2.200.000 kr., heim til stefnda og hefði fengið með sér kunningja sinn, Jón Pálma Pálmarsson. Eftir að þeir höfðu skoðað bátinn lauslega, hefði verið farið heim til stefnda og tilboðið verið undirritað í eldhúsinu hjá honum, eftir að stefndi

hafði breytt tölunum í samræmi við það, sem þeim hafði farið á milli. Stefnandi hefði sett stafi sína við breytinguna, en talið óþarft, að stefndi setti og stafi sína, þar sem um var að ræða hækkun, sem umfram allt skuldbatt stefnanda. Hann kvað Jón Pálma hafa verið vott að breytingunni og undirrituninni. Það hefði og komið fram, að veðskuld hefði verið á bátnum upp á nokkur hundruð þúsund vegna tryggingariðgjalda vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, og hefði átt að aflýsa henni, áður en gengið yrði frá kaupsamningi eða afsali, sem hefði átt að gera eftir tvær vikur hjá Bata- og kvótasölunni. Stefnandi kvaðst hafa ætlað að fjármagna kaupin með lánum og stefnda verið kunnugt um það. Hann kvaðst hafa talað við Hjálmar Styrkársson hjá vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, bæði áður og eftir að hann gerði kauptilboðið, bæði vegna þess, að hann hefði ætlað að fá lán hjá tryggingafélaginu og svo hefði hann verið að spyrjast fyrir um lánið, sem hvíldi á bátnum, og hvert væri virðingarverð bátsins. Lánið, sem stefndi hefði farið fram á, þótti of hátt miðað við verðgildi bátsins. Lán hefði svo fengist hjá Sjóvá-Almennum og Íslandsbanka, en ekki myndi hann, hvenær hann hefði verið með peninga tilbúna til greiðslu kaupverðsins. Hann kvað ekki hafa verið unnt að ganga frá skuldabréfum vegna lánþökunnar út af láninu, sem hvíldi á bátnum, og er hann hefði ætlað að ganga frá kaupunum, hefði hann fengið þau boð frá bátasölunni, að Grétar vildi ekki standa við kaupin. Hann kvað stefnda aldrei á þessum tíma hafa minnst á, að hann væri ekki eigandi að bátnum, en Páll Sigurðsson hjá bátasölunni hefði samið kauptilboðið og ekki gengið eftir því við hann, hver væri skráður eigandi að bátnum né hvað hvíldi á honum.

Stefndi, Grétar, kannaðist við að hafa reynt bátinn með stefnanda og stefnandi síðar lagt fram tilboð í bátinn upp á 2.200.000 krónur, sem hann hafi ekki fallist á. Síðar hafi stefnandi viljað hækka tilboðið, en hann þá verið tregur til og viljað hætta við sölu. Stefnandi hefði þá haldið því fram, að stefndi hefði svikið sig, og svo komið með annað kauptilboð, sem stefndi hefði og verið tregur til að samþykkja, en samt skrifað undir og þá vegna þess, að búið hefði verið að strika yfir upphæðina á tilboðinu. Stefnandi hefði ætlað að fara með tilboðið í banka til að fá lán, og hefði stefndi ekki tekið eftir fjárhæðinni á tilboðinu né vitað, hvenær hún hefði verið sett inn í tilboðið. Hann kvaðst á þessum tíma hafa nýlega verið orðinn ekkjumaður og líka mjög miður sín vegna áfalls, sem hann hefði orðið fyrir við útgerðina. En stefnandi hefði sótt fast, að hann skrifaði undir tilboðið og orðið illur, er hann vildi það ekki. Hann hefði ekki fengið aukaeintak af tilboðinu og taldi sig ekki vera að skrifa undir kaupsamning. Hann kvað sölu-mann hjá Bata- og kvótasölunni ekki hafa haft neina milligöngu um hækk-

un Jóns á kaupþilboðinu né tekið neina afstöðu til hennar, einu afskipti hans hefðu verið að láta stefnda vita, að bátasalan væri með kaupanda að bátnum, en stefndi kvaðst hafa verið tilbúinn að koma inn á söluna til samningsgerða vegna væntanlegra kaupa. Hann kvaðst hafa sett bátinn á söluskrá hjá bátasölnunni með því að hringja þangað og þá gefið upp hið skráða nafn á bátnum, en ekki tilgreint, hver væri eigandi bátsins, en hann sjálfur væri stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Sæljóma hf. Hann kvaðst ekki hafa sagt stefnanda sérstaklega, að Sæljómi hf. ætti skipið, og þetta ekki komið fram annars staðar. Hann kvað ásett verð á bátnum hafa verið 4.000.000 króna, og skyldu engar veiðiheimildir fylgja með í kaupum og það aldrei verið nefnt. Hann sagði, að í mánaðartíma, eftir að stefnandi hefði komið með kaupþilboðið heim til sín til undirritunar, hefði hann hringt þrívégis og tjáð sér, að ekki gengi að fá peninga til báta-kaupanna. Fram kom hjá stefnda, að umræður hefðu verið um það þennan vetur, að línutvöföldun yrði tekin af og þeir bátar, sem hefðu verið búnir að vera á henni, fengju úthlutað aukinni aflaheimild miðað við fyrri aflareynslu. Hefði þessi aukna aflaheimild, ef til hefði komið, færst á annan bát í eigu stefnda eða Sæljóma hf.

Vitnið Páll Sigurðsson er söluaður hjá Báta- og kvótasölnunni og kveðst hafa unnið sem bátasali í fjögur ár og farið að vinna í því að selja bátinn Sæljóma, GK-150, strax eftir að báturinn hefði verið skráður inn á bátasölnuna. Hann kvað stefnda, Grétar, hafa verið skráðan eiganda hjá bátasölnunni og hann alltaf komið fram við sig sem eigandi og aldrei verið nefnt, að hlutafélagið Sæljómi væri eigandi bátsins. Verðið á bátinn hefði verið sett samkvæmt verðhugmyndum Grétars. Það verð hefði ekki verið raunhæft, þar sem ekki hefði fylgt allt með bátnum, sem átti að fylgja, og ekki heldur veiðiheimildir. Þá hafi staðið til að banna netaveiðar á þessari stærð báta, sem hefði gert þá verðminni. Erfitt hefði verið að selja þessa tegund báta og þeir verið nær óseljanlegir nema til endurnýjunar vegna báta. Hann kvað stefnda hafa fengið tilboð í endurnýjunarréttinn, án þess að aflakvóti fylgdi með, upp á 2.000.000 króna og hann velt þessu tilboði fyrir sér. Hann kvað stefnanda svo hafa komið og sýnt því áhuga að kaupa bátinn og samningaviðræður farið fram milli sín og stefnda. Hann hefði svo gengið frá kaupþilboði fyrir stefnanda, sem hljóðað hefði upp á 2.200.000 krónur, og vottað það svo. Það hafi svo verið rétt milli aðila, að stefnandi tæki bátinn á eitthvað hærra verði, og vissi hann, að stefnandi hafði farið heim til stefnda í þeim erindum og svo komið til sín með afrit af kaupþilboði í bátinn, sem hafði verið undirritað. Hann kvað stjórnvöld hafa á þessum tíma verið nýbúin að slá þessu af, að viðbótarkvóta yrði úthlutað, vegna þess að

línutvöföldun yrði aflétt, og því hafi verið talið, að báðir aðilar hafi verið að gera góða hluti með sölnunni. Hann kvað lán hafa hvílt á bátnum, að fjárhæð um 100.000 krónur, sem stefndi hefði átt að aflétta, og svo hafi átt að ganga frá kaupunum eða afsali innan 2 – 3 vikna. En þá hafi komið tilkynning frá stefnda, að hann vildi hætta við kaupin og borið því við, að hann hefði ekki haft gilt umboð. Vegna þeirrar höfnunar hefði ekki verið gengið frá kaupsamningi, en vitnið kvaðst hafa gert ráð fyrir, að stefnandi gæti framvísað peningum til kaupanna. Hann kvað veðbókarvottorð eða mælingarbréf fyrir bátinn ekki hafa legið fyrir við gerð kauptilboðs. Í söluyfirliti bátasölnunnar komi ekki fram, hver sé eigandi bátsins, og sé það gert til að vernda söluna í viðskiptum. Hann staðfesti verðmat sitt á aflaheimildum.

Vitnið Björn Jónsson hjá kvótamiðlun LÍÚ staðfesti, að verðmat Bata- og kvótasölnunnar, sem vitnið Páll skrifaði undir, væri svipað og það, sem þeir hefðu miðað við hjá LÍÚ, og einnig væri stöðumatið nokkuð nærri lagi, en í dag væri söluverð á varanlegum þorskkvóta um 580 krónur kíló, ýsu- kvóti 268 kr. og steinbítuskvóti 135–140 kr. Hann sagði, að ef bátur væri með veiðiheimild án kvóta, þýddi það, að hann ætti rétt til veiða, gæti oft keypt sér eða leigt kvóta. Hann kvað bera að ganga frá því sérstaklega í kaupsamningi, hvernig fara skyldi með aflaheimild, sem kynni að verða útlutað miðað við aflareynslu, en ella fylgdi hún bátnum.

Vitnið Hjálmar Styrkársson kannaðist við, að stefnandi hefði leitað til sín, bæði fyrir og eftir að kauptilboð var gert, og hefði hann verið að kanna hvort tveggja, hvað hvíldi á bátnum og hvert væri virðingarverð bátsins, en minnst þess ekki, að hann hefði sóst eftir að fá lán út á bátinn, frekar, að hann hefði verið að athuga, hvort búið væri að gera upp eða greiða skuldina.

Vitnið Heimir, sem var sölumaður hjá Bata- og kvótasölnunni, kvaðst hafa haft þau ein afskipti af máli þessu að hafa átt samtalið við stefnda, Grétar, og hann tjáð sér, að hann gæti ekki staðið við kauptilboðið um söluna á Sæljóma, GK-150, þar sem hann væri ekki þinglýstur eigandi bátsins, heldur væri hann í eigu hlutafélags. Vitnið kvaðst hafa orðið klumsa yfir þessu, þar sem þetta hefði hvergi komið fram áður. Kvaðst hann hafa innt stefnda eftir ástæðum þess, að hann vildi hætta við söluna, og hann þá tjáð sér, að meðhluthafar í hlutafélaginu væru ekki samþykkir kauptilboðinu, en hann hefði kvittað undir tilboðið án vilja þeirra og vitundar. Gæti hann því ekki staðið við þetta, en fram hefði samt komið, að hann væri stærsti hluthafinn. Sér hefði fundist þetta fráleitt. Hann kvað veðbókarvottorðs og mælingarbréfs fyrir hlutaðeigandi bát vera aflað, eftir að kauptilboð hefði verið samþykkt, og þessi gögn ekki legið frammi við tilboðsgerð. Hann kvað kaup-

verð samkvæmt tilboðinu hafa verið í hærra lagi. Hann kvað það felast í því, er bátur væri með veiðiheimild án kvóta, að framtíðaraflahlutdeild fylgdi með í kaupunum, en síðar gætu orðið breytingar á aflahlutdeild. Þá gætu menn og leigt og keypt aflahlutdeild.

Vitnið Jón Pálmason kvaðst hafa farið með stefnanda til Sandgerðis að skoða bátinn Sæljóma, GK-150, og verið viðstaddur undirritun kauptilboðsins í bátinn á heimili stefnda og vottað undirritun beggja málsaðila á kaup-tilboðið. Einnig hefði hann vottað um breytinguna, sem gerð hefði verið á því, þ. e. hækkunina, og átt hugmyndina að því, að stefnandi setti stafi sína við breytinguna, en ekki talið þörf á, að stefndi setti sína stafi, þar eð hann væri seljandi og þetta hækkun, en ekki lækkun á kaupverði. Hann kvað kauptilboðið hafa verið í tveimur eintökum og stefndi fengið annað. Ekki kvað hann þetta hafa verið nein sérstök kaup, heldur „allt í lagi“-kaup.

Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

VII.

Niðurstöður.

Stefndi, Grétar V. Pálsson, er stærsti hluthafinn í Sæljóma hf. og auk þess stjórnarformaður félagsins, framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi. Hann hefur því talið sig hafa umboð til þess að bjóða bát félagsins, Sæljóma, GK-150, til sölu á Bata- og kvótasölunni, og er ljóst, að hann kemur þar sem umráðamaður og eigandi bátsins, en ekki er samt fram komið, að hann hafi sagst vera einkaeigandi bátsins. Hann mun hafa verið skráður eigandi bátsins hjá sölunni, án þess að víst sé, að það hafi verið haft eftir honum, heldur réðu sölumenn það af samskiptum sínum við hann, að hann væri eigandi bátsins. Tilboð það, sem stefnandi gerði í bátinn, var útbúið af bátasölunni og hljóðaði upp á 2.000.000 kr., en eiganda bátsins þar ekki sérstaklega getið. Fram er komið hjá sölumanni sölunnar, að ekki sé venja að hafa veðbókarvottorð við höndina við tilboðsgerð, heldur sé þess aflað, áður en kaupsamningur sé gerður eða afsal út gefið. Séu þau skjöl þá útbúin í samræmi við veðbókarvottorð. Í málinu þykir mega telja sannað, að stefndi undirritaði og samþykkti tilboðið, eftir að stefnandi hafði hækkað það úr 2.200.000 kr. í 2.500.000 kr., og handskrifaði breytinguna inn á tilboðið. En sú fullyrðing stefnda, að aðeins hafi verið strikað yfir tilboðsupphæðina, 2.200.000 kr. en ekkert ritað í staðinn, fær ekki stoð í gögnum málsins og þykir ekki sennileg fremur en sú fullyrðing stefnda, að tilboðið hafi gegnt því hlutverki einu, að stefnandi gæti slegið lán með framvísun þess þannig frágengnu.

Með undirritun sinni á tilboðið skuldbatt stefndi sig sem seljandi í sam-

ræmi við efni þess. Þetta verður þó að meta í ljósi þeirrar venju, sem fram kom hjá bátasölnunni, að nánari skilgreining færi fram við gerð kaupsamnings á eiganda bátsins og stöðu stefnda gagnvart hlutafélaginu. Stefndi kom því svo fram sem hann hefði fulla heimild til að ráðstafa bátnum, en hins vegar leyndi hann því ekki sérstaklega, hver væri skráður eigandi bátsins, en allar upplýsingar um það eru mjög aðgengilegar og hefðu átt að vera tiltekar á bátasölnunni, er tilboðið var gert.

Nokkru áður en tilboðið var gert, hafði verið töluverð umræða meðal sjómanna um, að til stæði að leggja af línutvöföldun og í staðinn yrði úthlutað kvóta þeim bátum, sem hefðu verið á línutvöföldun, en á þessum tíma hafði komið fram frumvarp á alþingi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Hins vegar var á þeim tíma, er tilboðið var gert, almennt talið, að yfirvöld hefðu hætt við að afnema línutvöföldunina, sbr. vætti Páls Sigurðssonar, og er ekkert fram komið um, að annar hvor málsaðila hafi haft frekari vitneskju. Tilboðið miðaðist því við það, að báturinn Sæljómi, GK-150, væri með gilda veiðiheimild skv. leyfisbréfi Fiskistofu, en án kvóta eða aflaheimildar, og kaupverð yrði staðgreitt.

Fram hefur komið í málinu, að ganga skyldi frá kaupsamningi eða gefa út afsal tveimur til þremur vikum eftir samþykkt tilboðsins. Ekki liggur fyrir, að stefnandi hafi átt á þessu tímabili frumkvæði um að bjóða fram greiðslu á kaupverðinu, en hann átti ekki peninga til að staðgreiða, er hann gerði tilboðið, en ætlaði síðar að afla þeirra með lántökum. Í lok tímans hafði stefndi tilkynnt bátasölnunni, að hann gæti ekki staðið við tilboðið, þar sem meðhluthafar sínir í Sæljóma gætu ekki fallist á það eða þætti það ekki nægilega hátt. Á þeim tíma mun hafa verið orðið ljóst eða mjög líklegt, að línutvöföldun yrði af lögð og viðbótarkvóta úthlutað á bátinn, og myndu því fylgja honum langtum meiri verðmæti en fram komi í tilboðinu. Þarna höfðu aðstæður breyst, og verður að túlka tilkynningu í ljósi þess. Tilboðið var óljóst að því leyti, að þar var hvorki getið um, hvenær staðgreiðslan ætti fram að fara né afhending á bátnum að fara fram. Var því beinlínis gert ráð fyrir, að gerður yrði kaupsamningur, þar sem nánar yrði samið um þessi atriði o. fl. og þess þar jafnframt gætt, að skráður eigandi væri tilgreindur. Hvorki stefnandi né stefndi höfðu við gerð tilboðsins gert ráð fyrir, að til þess kæmi, að línutvöföldun yrði af lögð og viðbótarkvóta úthlutað á bátinn. Verður því að telja, að á þessum tíma hafi forsendur fyrir samningi á grundvelli tilboðsins breyst í mjög veigamiklum atriðum og eðlilegt, að tekið yrði á því við samningsgerðina. Fyrirsjáanleg kvótaaukning átti að byggjast á aflareynslu bátsins, og má því segja, að kvótinn hafi verið ótilgreindur, er tilboðið var gert, en þar er skýrt tekið fram, að enginn kvóti

fylgi með í kaupum. Samkvæmt tilboðinu skyldi kauptilboðið staðgreitt, og má ætla, að tilkynning bendi til, að frestur til að afla fjár til kaupanna hafi liðið, og því væru skilyrði vegna þess og breyttra aðstæðna til að hverfa frá tilboðinu.

Tilboðið var undanfari gagnkvæms samnings milli stefnanda og eiganda bátsins Sæljóma, GK-150. Ekkert er fram komið um bein viðbrögð stefnanda strax eftir tilkynningu stefnda. Ekki liggur fyrir, að hann hafi þá boðið fram greiðslu miðað við ákvæði tilboðsins né að hann hafi þá viljað ganga til samninga um kaup á bátnum fyrir hærra verð en tilboðið hljóðaði upp á miðað við breyttar aðstæður. Það er ekki fyrr en eftir að umboðsmaður stefnda hafði sent stefnanda skeyti um það 11. júní 1996, að tilboðinu væri hafnað og bátnum ráðstafað annað, að stefnandi bregst við með því, að umboðsmaður hans tilkynnir með bréfi til stefnda, dags. 14. júní 1996, að stefnandi vilji standa við tilboðið, og býður fram greiðslu skv. tilboðinu, en þar er ekkert vikið að breyttum aðstæðum eða boðið upp á, að tekið verði tillit til þeirra við samningsgerð. Skeytið verður vart skilið öðruvísi en neitun um að ganga til samninga á grundvelli tilboðsins eða riftun þess, en því þó engan veginn borið við, að Sæljómi hf. telji það sér óviðkomandi né að stefnda hafi brostið heimild til þess að standa að því. Það átti að verða grundvöllur að gagnkvæmum samningi milli aðila, og er ósannað, að stefnandi hafi haft peninga til greiðslu kaupverðsins, er gengið skyldi til samninga, og hann hefur ekki, eftir að hann tilkynnti stefnda með bréfi, að hann vildi standa við tilboðið, lagt peninga inn á geymslureikning fyrir kaupverði eða sett aðrar tryggingar fyrir greiðslu kaupverðs, heldur er upplýst, að hann keypti annan bát. Það er því ekki ljóst, að stefnandi hafi getað efnt skyldur sínar skv. tilboðinu á þeim tíma, er ganga átti til samninga, og hann ekki sannað það eftir á. Það er því mat réttarins, að stefnandi hafi ekki tryggt rétt sinn skv. tilboðinu með þeim hætti, að fallist verði á, að kominn hafi verið á bindandi samningur milli aðila, er ljóst varð, að til úthlutunar kæmi aukinn kvóti á bátinn. Sá kvóti, sem bátnum var síðar úthlutað, er, eftir því sem fram kemur í stefnu, metinn á 5.739.625 kr., rúmlega tvöfalt verð bátsins miðað við tilboð. Þessar aflaheimildir voru byggðar á aflareynslu bátsins og fylgdu honum. Augljóst er, að um þessar væntanlegu aflaheimildir varð að ná samkomulagi í kaupsamningnum, sem til stóð að gera milli aðila um kaup á bátnum. Tilkynning stefnda um, að hann vildi ganga frá tilboðinu, leiddi ekki til þess, að stefnandi reyndi að ná samkomulagi um annað kaupverð miðað við breyttar aðstæður eða að samið yrði um, að hin aukna aflaheimild væri ekki með í kaupunum. Stefnandi átti engan þátt í að afla þeirrar aflareynslu, sem úthlutun aukinnar afla-

heimildar byggðist á, og fellst rétturinn á, að 11. júní 1996 hafi forsendur verið brostnar fyrir því að gera kaupsamning í samræmi við tilboðið, og megi því staðfesta þá riftun, sem fram komi í skeyti umboðsmanns stefnda. Í málinu er talað um, að stefndi hafi haft umboð og rétt til að bjóða bátinn til sölu og samþykkja tilboð í hann, og er víst, að samþykki stefnda hefði leitt til kaupsamnings milli Sæljóma hf. og stefnanda, ef aðstæður hefðu ekki breyst. Stefndi er ekki nefndur eigandi bátsins í tilboðinu, en telja verður, þótt þess sé ekki sérstaklega getið, að hann fari fyrir eigendum bátsins, er hann samþykkir tilboðið, og skeytið beri með sér, að þeir telji það varða sig. Það þykir því ekki liggja fyrir, að stefnda hafi brostið heimildir og 59. gr. kaupalaga eigi hér við. Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir samt eftir atvikum og einkum, ef litið er til þess, hversu illa er staðið að því að tilkynna stefnda forsendubreytinguna í málinu, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kveður upp Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Grétar V. Pálsson, er sýknaður af kröfum stefnanda, Jóns Gunnars Björgvinssonar.

Málskostnaður fellur niður.
